

Frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs 11. desember 2024:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins óska svara frá Reykjavíkurborg og Strætó BS. vegna tímabundinnar endastöðvar Strætó við Skúlagötu. Hvað taka eigi til bragðs til að vagnstjórar láti af því að hafa vagna í lausagangi eða hafi hávaðasamar viftur í gangi í vögnum á meðan þeir eru ekki í akstri. Þá óska borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins eftir svörum frá Strætó um hvernig fyrirtækið ætli að eyða því ónæði sem fólk hefur á heimilum sínum vegna starfsemi fyrirtækisins á þessari tímabundnu endastöð.

Greinargerð

Þann 4. september sl. lögðu borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins í umhverfis og skipulagsráði fram fyrirspurn varðandi hávaða og mengun við endastöð Strætó við Skúlagötu. Svar barst frá skrifstofu samgangna og borgarhönnunar þann 25. september og kom fram í svarinu að skýrt væri að óheimilt sé að hafa vagna í lausagangi við biðstöðina og að Strætó vinni að því að leiðrétta hegðun vagnstjóra sem ekki hafa gætt að því. Þá hafi verið rætt við vagnstjóra um að slökka á vélum vagnanna. Settur hafi verið upp búnaður í vagnanna svo hægt væri að sjá hvort slökkt hafi verið á vögnunum og hve lengi þeir væru í gangi. Einnig hafi eftirlitsmenn á vegum Strætó farið á tímabundna endastöð við Skúlagötu til að fylgjast með því hvort slökkt sé á vögnunum. Að lokum hafi verið áætlað er að setja upp skilti til að minna vagnstjóra á að hafa ekki kveikt á vögnunum að óþörfu.

Ótal dæmi hafa borist borgarfulltrúum um truflun frá vögnunum. Sama gildir um aðra truflandi hegðun sem sæmir ekki góðum granna. Skemmst er frá því að segja að augljóst er vegna kvartana íbúa að þessar ráðstafanir hafa ekki dugað að neinu marki til að minnka hávaða og mengun.

Þess vegna leggja borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram ofangreinda fyrirspurn og ósk um aðgerðir af hálfu fyrirtækis sem er í meirihlutaeigu borgarinnar.

Sérstaklega er áréttað að rétt væri að Strætó grípi til aðgerða nú þegar, fyrir hátíðarnar, áður en svar berst við þessari fyrirspurn.